

# Um rannsókn mála hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins

## 1. Inngangur

Skattrannsóknarstjóri hefur tekið saman eftirfarandi leiðbeiningar um rannsókn mála hjá embættinu, sbr. 7. gr. stjórnssýslulaga nr. 37/1993.

## 2. Tilkynning um skattrannsókn

Rannsókn telst formlega hafin þegar skattrannsóknarstjóri gerir skattaðila eða fyrirsvarsmanni skattaðila bréflaga eða á annan sannanlegan hátt kunnugt um að rannsókn sé hafin á bókhaldi og skattskilum skattaðila. Þá er að jafnaði farið fram á afhendingu gagna en aðilum er þó tryggður nauðsynlegur aðgangur að gögnum meðan á meðferð máls stendur.

## 3. Skylda til að afhenda gögn

Víðtæk skylda hvílir á skattaðila varðandi afhendingu gagna. Skattrannsóknarstjóri getur á grundvelli 94. gr. tekjuskattslaga nr. 90/2003, krafist bókhalds og bókhaldsgagna, svo og annarra gagna er varða reksturinn, þar með talin bréf og samninga. Auk þess getur skattrannsóknarstjóri krafist allra annarra upplýsinga og gagna sem hann telur nauðsynleg við rannsókn máls. Skattrannsóknarstjóri getur vísað máli til opinberrar rannsóknar gegni einhver ekki upplýsingaskyldu sinni.

## 4. Leit og haldlagning gagna

Skattrannsóknarstjóri hefur heimild til leitar og haldlagningar gagna á starfsstöð skattaðila án undangengins dómsúrskurðar. Leit skattrannsóknarstjóra er yfirleitt framkvæmd samhliða tilkynningu um rannsókn og afrit tekið af tölvugögnum. Lagt er upp með að fyrirsvarsmáður eða lögmaður hans sé viðstaddur leit og haldlagningu gagna. Skattrannsóknarstjóri hefur heimild til leitar á heimilum skattaðila að undangengnum dómsúrskurði. Þá hefur skattrannsóknarstjóri heimild til að fá liðsinni lögreglu á vettvangi í þágu rannsóknar ef ástæða er til. Heimilt er að bera haldlagningu og rannsóknaraðgerðir

skattrannsóknarstjóra undir dómstóla, en kæra frestar að jafnaði ekki framkvæmd.

## 5. Kyrrsetning eigna

Skattrannsóknarstjóri hefur heimild til að krefjast kyrrsetningar eigna til tryggingar skattkröfu og fésekt. Tollstjóri annast rekstur kyrrsetningarmála.

## 6. Réttarstaða og skýrslutökur

Við rannsóknir skattrannsóknarstjóra skal gætt ákvæða sakamálalaga nr. 88/2008, eftir því sem við getur átt, einkum varðandi réttarstöðu grunaðra manna á rannsóknarstigi. Skýrslutökur eru með formlegum hætti. Skýrslugjafi sem grunaður er um refsiverða háttsemi má hafa með sér lögmann við skýrslutöku sem hann ræður á sinn kostnað, en kann jafnframt að eiga rétt á að fá tilnefndan verjanda. Ef aðili mætir ekki til skýrslugjafar getur skattrannsóknarstjóri látið lögreglu færa hann til skýrslugjafar.

## 7. Skylda skattaðila til að telja fram

Þegar bókhald og bókhaldsgögn skattaðila eru í vörslu skattrannsóknarstjóra er skattaðila engu að síður skylt að sinna framtals- og skýrslugjöf til skattyfirvalda.

## 8. Skil á gögnum til skattaðila

Gögn sem rannsókn er byggð á eru eigi afhent skattaðila aftur fyrir en endurákvörðun opinberra gjalda, kæru- og refsimeðferð er lokið. Heimilt er þó að afhenda skattaðila gögn tímabundið, ef sérstaklega stendur á, og tryggt má telja að þau verði ekki fyrir tjóni. Þá getur skattaðili fengið ljósrit einstakra skjala eða fengið að kanna gögn sín hjá skattrannsóknarstjóra, ef tryggt er að slíkt spilli ekki rannsóknarhagsmunum.

**Skattrannsóknarstjóri ríkisins**  
**Borgartúni 7,**  
**150 Reykjavík**  
**Sími: 550 8800**  
**Bréfsími: 550 8850**  
**www.skattrannsoknarstjori.is**  
**Netfang: skattrann@skattrann.is**